

## REGLUGERÐ


**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 619/2012 um fjárhæð, álagningu og innheimtu veiðigjalda og þorskígildisstuðla fiskveiðiárið 2012/2013.**

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi:  
Eindagi þess hluta veiðigjalds sem fellur í gjalddaga 1. október 2012 er 1. desember 2012.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 74/2012 um veiðigjöld og laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. október 2012.*  
  
Steingrímur J. Sigfússon.

*Arnór Snæbjörnsson*  
Arnór Snæbjörnsson.